

dómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hrafnkeli Guðjónssyni stýrimanni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóhanns Þorvaldssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Jóhann Þorvaldsson, greiði stefnda, Eimskipafélagi Íslands hf., kr. 50.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1988.

Nr. 6/1988.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Valgeiri Vésteini Jósafatssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Nauðgun. Skaðabætur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 9. september 1987, og jafnframt af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar, en dómkröfur af hálfu ákærvalds eru þessar: „I. Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar en refsing þyngd. II. Að ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu bóta og vaxta til X verði staðfest, en þó þannig, að hæstu löglegu vextir af höfuðstól reiknist frá 15. apríl 1987 í stað 27.3. s.á. til greiðslu-

dags. III. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þ.m. talin hæfileg saksóknarlaun er renni í ríkissjóð.“

Verjandi hefur gert þessar dómkröfur: „Aðallega að ákærði verði sýknaður og allur kostnaður sakarinnar felldur á ríkissjóð. Til vara er þess krafist, að ákærði verði dæmdur í þá vægustu refsingu sem lög frekast leyfa, gæsluvarðhaldstími hans með fullri dagatölu komi til frádráttar dæmdri refsivist og bótakrafan stórlega lækkuð.“

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms lagði ríkissaksóknari mál þetta fyrir Læknaráð og leitaði svara við eftirgreindum spurningum:

„1. Fellst Læknaráð á niðurstöður dr. med. Helga Kristbjarnarsonar í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða?

2. Telur Læknaráð, að fullnægjandi læknisrannsókn hafi farið fram á stúlkunum X og Y, sbr. þau vottorð sem að því lúta?

3. Hvert er álit Læknaráðs á fyrrgreindu vottorði Arnars Haukssonar, læknis, frá 13. apríl 1986 um skoðun á ákærða? Er ráðið sammála niðurstöðu hans um þargreindan sjúkdóm? Eru efni til frekari umsagnar um þá smithættu, sem af þessum sjúkdómi kann að stafa?“

Ályktun Læknaráðs er staðfest 8. júlí 1988 og er svohljóðandi:

„Ad. 1. Já, Læknaráð fellst á niðurstöður dr. med. Helga Kristbjarnarsonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Ad. 2. Læknisrannsókn á X er fullnægjandi að öðru leyti en því að ekkert segir um andlegt ástand hennar við skoðunina. Af vottorði um Y verður ekki ráðið hversu nýlega samfarir hafi átt sér stað.

Ad. 3. Já, Læknaráð er sammála sjúkdómsgreiningu Arnars Haukssonar, læknis, varðandi ákærða og telur ekki ástæðu til að gefa frekari umsögn um smithættu.“

II.

Ákærði er fæddur 16. nóvember 1956 en ekki 16. nóvember 1965 eins og misritast hefur í ákæruskjali 24. september 1986 og í hinum áfrýjaða dómi. Í ofangreindu ákæruskjali er réttilega frá því greint, að umræddur atburður hafi átt sér stað á 2. hæð hússins ... Í hér-

aðsdómi er vettvangur hins vegar ranglega tilgreindur á 3. hæð hússins.

Læknir sá, sem skoðaði X, komst að þeirri niðurstöðu að hún bæri merki um „nýafstaðnar samfarir og það ekki með eðlilegum aðdraganda“. Læknaráð gerir ekki athugasemd við þessa ályktun. Þessi niðurstaða læknisins styrkir framburð stúlkunnar. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann varðandi sakfellingu ákærða samkvæmt ákæru 24. september 1986.

III.

Eftir að Y hafði dvalið um stund í stofu íbúðar ákærða fluttu þau sig þaðan að hennar ósk inn í svefnherbergi hans. Engin merki voru um átök á vettvangi og ekki voru sjáanlegir áverkar á kæranda. Varhugavert þykir að telja alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi þröngvað kæranda til holdlegs samræðis með þeim hætti, sem lýst er í 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvalds samkvæmt ákæruskjali 17. mars 1987.

IV.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi og skal gæsluvarðhaldsvist ákærða samtals 14 dagar koma til frádráttar refsivist.

V.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta úrlausn hans um bótakröfu X, þó þannig, að vextir ákvarðast eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir að ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 40.000,00 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjanda í Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, sem ákveðast 40.000,00 krónur, og saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast 80.000,00 krónur, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Ákærði, Valgeir Vésteinn Jósafatsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða í 14 daga kemur refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði X kr. 200.000,00 með 9% ársvöxtum frá 12. apríl 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 3. apríl 1987, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags greiðist dráttarvextir samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð 80.000,00 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns 40.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns 40.000,00 krónur, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr rikissjóði.

Dómur sakadóms Keflavíkur 15. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní sl., hefur rikissaksóknari höfðað með tveimur ákæruskjölum á hendur Valgeiri Vésteini Jósafatssyni, til heimilis að Suðurgötu 27, Keflavík, f. 16. nóvember 1965.

1. Með ákæruskjali dags. 24.9. 1986 er ákærða gefið að sök „að hafa laugardagsnóttina 12. apríl 1986 neytt stúlkuna X, fædda 1964, tvívegis til samfara í herbergi íbúðar á 2. hæð til hægri í húsinu ... í Reykjavík, þangað sem ákærði lokkaði stúlkuna undir því yfirskyni að þar væri samkvæmi, en þegar eftir að í herbergið var komið og ljóst var að þar var ekki samkvæmi hindrað stúlkuna í því að fara á brott og síðan með líkamlegu ofbeldi og ógnvænlegu háttarlagi neytt stúlkuna tvívegis til að hafa við hann samfarir.“

Telst slíkt atferli varða við 1. mgr. 194. gr. laga 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

2. Með ákæruskjali dags. 17.3. 1987 er ákærða gefið að sök „að hafa að morgni 21. desember 1986 á heimili sínu þröngvað stúlkunni Y, fæddri ... 1964, til holdlegs samræðis með því að meina henni brottför úr íbúðinni

og beita hana ofbeldi og hóta henni frekari ófarnaði léti hún ekki að vilja hans. Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til greiðslu skaðabóta verði þeirra krafist.“

I.

Laugardaginn 12. apríl 1986 kl. 09:00 kom stúlkan X, f. ... 1964, á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði nauðgun sem átt hefði sér stað þá um nóttina. Eftir að X hafði gefið skýrslu um atvikið fór hún í fylgd lögreglumanna og benti á húsið þar sem meintur atburður átti sér stað, en því næst var kærandi færð til lækni-skóðunar. Kl. um 11:00 var ákærði handtekinn þar sem hann lá sofandi í rúminu í íbúð í húsi þessu. Við handtöku reyndi ákærði að koma undan dökkum mola sem lá við rúmið og varð að setja hann í handjárn vegna þeirrar mótspyrnu. Eftir að ákærða hafði verið tekið blóð- og þvagsýni var hann færður í fangelsi við Síðumúla.

Í lögregluskýrslu skýrir kærandi svo frá að hún hafi verið að skemmta sér á dansleik sem haldinn var á Hótel Borg kvöldinu áður. Eftir dansleikinn eða u.þ.b. kl. 3:30 hafi ákærði komið til hennar þar sem hún hafi staðið fyrir utan pylsusölu skammt frá Hótel Borg og boðið sér í partý. Ekki kannaðist hún við ákærða en þáði þó boðið og fóru þau í leigubifreið að blokk í ... Fóru þau upp í íbúð á 3. hæð hússins og þaðan inn í herbergi sem ákærði kvað bróður sinn hafa á leigu en fram kóm hjá ákærða að gamall maður byggi einnig í íbúðinni. Þegar inn í herbergið kom var kæranda það ljóst að þau væru þarna ein og kvaðst hún þá hafa spurt ákærða hvar „partíð“ væri. Hún hafi ekkert svar fengið við því en ákærði hafi haft orð á því að „fá sér í pípu“. Hann hafi því næst tæmt vasa sína og hafi þá dottið hassmoli á borðið. Virtist kæranda nú sem ákærði væri „upp dópaður“ en áður hafi hún ekki séð á honum nein áhrif. Ákærði tók nú að reyna við kæranda með því að káfa á mjóðmum hennar og eins að toga hana niður í rúm þar sem hann lá. Hún kveðst hafa sagt honum að hún hefði ekki áhuga á honum og beðið hann um að hringja á bil. Hann hafi sagt að síminn væri frammi og haldið áfram að reyna við hana og voru þau nú bæði komin í rúmið. Hafi hann reynt að taka pilsíð upp en hún hafi meinað honum það. Hafi hann gefið það í skyn að hann ætlaði að hafa við hana samfarir eða úr því að hann væri kominn í bæinn þá „ætlaði hann að fá sér að ríða“. Þegar hér var komið sögu hafi hún verið orðin svo hrædd að hún hafi hætt að veita mótspyrnu. Færði ákærði hana úr fötunum og skipaði henni að leggjast á magann í rúminu. Kærandi kveðst hafa hjálpað til að afklæðast blússunni af ótta við að hún rifnaði. Ákærði

hafi því næst lagst ofan á hana og haft við hana fullkomnar samfarir sem hafi staðið yfir í u.þ.b. 5 mín. og hafi honum orðið sáðfall. Kærandi kveðst allan tímann hafa bedið ákærða um að hætta þessu og passa sig á því að gera sig ekki ófriska. Þá hafi hún reynt að ýta honum af sér en það hafi ekki tekist. Eftir að ákærði hafi lokið sér af hafi hún reynt að standa upp og klæða sig. Þegar hún var nær fullklædd hafi ákærði af engu tilefni rokið upp og kastað henni í rúmið aftur. Kvaðst kærandi hafa barist um og kallað upp að hann skyldi láta sig vera. Ákærði hafi þá tekið hana hálstaki með handleggnum og hafi henni þá fundist hún vera að kafna. Kærandi segist hafa hágrátið og bedið ákærða um að meiða sig ekki, og skyldi hún gera það sem hann bæði hana um. Eftir að hafa afklætt kæranda öðru sinni hafi hann byrjað að sleikja hana alla og þó aðallega kynfæri hennar. Hún kveðst hafa verið orðin mjög aum, en öðru sinni hafi hann nú haft við hana fullkomnar samfarir sem staðið hafi yfir í u.þ.b. 3. mín. Eftir þetta hafi hún reynt að fara en hann varnað henni þess. Hún kveðst ekki hafa reynt að verja sig af hræðslu við frekari misþyrmingar, heldur ákveðið að bíða þar til hann sofnaði. Hún kveðst hafa sofnað um stund en rankað við sér og læðst út þar sem ákærði var nú sofnaður. Klukkan hafi þá verið á milli 07:00 - 08:00. Kærandi kveðst hafa ákveðið að kæra ekki atburðinn og þess vegna haldið beint heim. Þegar heim kom var móðir hennar vakandi og sá að kærandi var öll útgrátin og illa girt. Skýrði því kærandi henni frá því hvað gerst hefði. Faðir hennar hafi einnig komið að í þessu og hringt í lögregluna til þess að spyrjast fyrir hvernig ætti að snúa sér í svona málum og að því loknu hafi hún tekið ákvörðun um að kæra atburðinn. Kærandi kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis en þó ekki mikið.

Framburður ákærða um atburðinn er nokkuð á annan veg. Hann kveðst hafa fengið sér að reykja hass um kl. 20:00 umræddan dag í Keflavík en síðan drukkíð áfengi Dubonnet og því næst gin, en þá fór hann til Reykjavíkur og drakk 2 - 3 glós á bar í Reykjavík. Kvaðst hann hafa verið ölvaður en muna glögglega alla atburðarás. Hann kvaðst þó ekki muna nákvæmlega hvort hann hafi hitt X úti eða inni á Hótel Borg. Hann hafi hins vegar búið henni í „partý“ og hafði hún þegar þegið það. Hann hafi byrjað að láta vel að henni þegar heim kom og hafði hún þá viljað þýðast hann eftir að þau höfðu í sameiningu dregið gluggatjöld fyrir glugga íbúðarinnar. Hann neitaði því aðspurður að hafa gefið X það í skyn að fleira fólk yrði á staðnum. Hann kvaðst hins vegar hafa talið að stúlkan „vildi vera með sér“ þar sem hún hefði þekkt boð hans. Hann hafi síðan ætlað að háttta hana en hún viljað gera það sjálf. Hafi hún klætt sig úr öllu nema brjóstahaldaranum. Þau hafi „kelað“ í u.þ.b. klukkustund og hafi hann m.a. sleikt hana lengi, og hafi hún fengið fullnægingu. Þá hafi hann hjálpað henni úr brjóstahaldaranum og þau haft fullkomnar samfarir. Fyrir dómi

skýrði hann frá að hann hafi ekki orðið var við að stúlkan fyndi til sársauka og hún hafi ekki kveinkað sér. Hún hafi hins vegar beðið hann að passa sig því hún væri ekki á pillunni. Hann hafi hins vegar ekki gert það og hafi honum orðið sáðfall inn í hana. Ákærði kveður stúlkuna hafa orðið ósátta vegna hræðslu um að nú væri hún orðin ófrisk. X hafi síðan farið fram úr rúminu og klætt sig og beðið hann að hringja á leigubíl. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað að hún færi og hafi því tekið utan um hana og ýtt henni upp í rúmið og lagst síðan við hlið hennar. Þegar hann hafi reynt að fá hana til að fækka fötum hafi hún ekki viljað það og verið orðin hálf-móðursjúk og aðallega vegna hræðslu við að vera orðin ófrisk.

Fullyrti ákærði bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi aðeins einu sinni haft samfarir við stúlkuna og hafi það gerst með fullum vilja hennar. Hún hafi spurt um símann eftir samfarirnar en ekki fyrir þær. Hann hafi ekki reynt að hafa samfarir við hana aftur. Hinsvegar hafi hann reynt að þagga niður í henni því hún hafi verið orðin alveg móðursjúk. Hann hafi kippt henni upp í rúm og reynt að róa hana. Þegar hann hafi síðan reynt að háttta hana hafi hún stifnað öll upp af hræðslu og hafi hann þá misst allan áhuga og sagt henni að „drulla sér út“.

Ákærði var spurður fyrir dómi hvort eitthvað hafi verið í framkomu hans, háttalagi eða orðum sem hefði getað valdið kæranda einhverjum ótta. Svaraði hann því til að það gæti ef til vill hafa verið þegar hann kippti henni upp í rúmið og hafi sagst ætla að eiga hana og að hún gæti verið hjá honum til morguns. Þá kom fram hjá honum að hann ætti það til að vera orðljótur.

Í íbúðinni voru í umrætt sinn auk kæranda og ákærða eigandi hennar A og leigjandi B.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af þeim kom fram að þeir hafi ekki orðið varir við neitt óeðlilegt umrædda nótt. A bar að hann hefði tvívegis vaknað umrædda nótt við umgang án þess að verða var við nokkuð óeðlilegt. A er nú látinn. Hann kom ekki fyrir dóm.

B kvaðst ekki hafa verið sofnaður er hann heyrði umgang og viðræður einhverjar en ekki hafi hann greint orðaskil. Í lögregluskýrslu segir að hann hafi ekki heyrt annað en að þessar samræður væru í góðu. Þeir sem þarna voru á ferðinni fóru inn í herbergi við hliðina á hans herbergi. Fyrir dómi sagði B að hann hefði heyrt hvöss orðaskipti í herberginu en að öðru leyti bar hann að hann hefði sofnað fljótt og mikið þyrfti til að hann vaknaði. Framburður hans fyrir dómi var ekki ábyggilegur.

C ... kom fyrir dóminn. Vitnið er móðir kæranda. Hún bar að umræddan morgun hafi X komið heim í mikilli gedshræringu, grátandi og pils hennar rífið og hafði hún verið alveg niðurbrotin. Faðir hennar hafi komið að þegar X var að segja móður sinni frá atvikinu og hafði hann

viljað hringja á lögregluna en X varla þorað það vegna þess að hún væri hrædd við hefnd af hálfu ákærða. Bar vitnið að eftir atburðinn hafi X verið mjög breytt, hún tali litið, sé hljóð og annars hugar.

Lögreglu maðurinn Bertram Möller kom fyrir dóminn sem vitni. Í framburði hans kom fram að X hafi verið mjög miður sin við skýrslugjöf. Hún hafi komið í fylgd móður sinnar. Hafi X sjálf gefið skýrslu um atburðinn en móðir hennar ekkert haft sig þar í frammi.

Við rannsókn á vettvangi komu ekki í ljós merki um átök, en umræddur hassmoli var á borðinu í íbúðinni. Við rannsókn á blóðsýni því er tekið var úr ákærða reyndist magn alkóhóls vera 0,47‰.

Við athugun á fötum X kom í ljós að pils var rífið að aftan, saumsprettu.

Eins og áður hefur verið rakið var X þegar færð til læknis sem skoðaði hana. Í niðurstöðu vottorðs læknisins, Arnars Haukssonar, segir orðrétt: „Sköðun sýnir engan ytri áverka á líkama. Hinsvegar mikinn roða og þrota umhverfis ytri kynfæri og endaparmsop. Einnig nýjar sprungur og sár við ytri burðarbarm vinstra megin svo og í ytra leggangaopi. Við smásjárskoðun og sýni frá leggöngum finnst mikill fjöldi vel lifandi sæðisfruma. Ofanefndar niðurstöður eru í samræmi við nýafstaðnar samfarir og það ekki með eðlilegum aðdraganda.“

Við læknisskoðun ákærða kom í ljós að hann var haldinn sjúkdómi þeim er nefnist Herpes. Sjúkdómur þessi er talinn ólæknandi en hægt er að halda honum niðri. Hann er smitandi þegar útbrot er til staðar. Ákærði kveðst ekki hafa gert neinar varúðarráðstafanir í umrætt skipti vegna þess að hann hafi ekki verið kominn með útbrotin en venjulega noti hann verjur við samfarir til að fyrirbyggja smit. Kvaðst hann reiðubúinn að greiða stúlkunni bætur, komi í ljós að hún hafi smitast af kynsjúkdómi. Hinsvegar hafnar hann algerlega bótakröfu vegna nauðgunar þar sem samfarirnar hafi verið með vilja beggja.

X hefur verið undir læknishendi og hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að hún hafi smitast af kynsjúkdóminum. Ekki er þó hægt að fullyrða að hún sé úr allri smithættu samkvæmt nýjasta læknisvottorði sem liggur frammi í málinu.

Álit dómsins.

Kærandinn X kom fram með kæru sína í eðlilegu framhaldi af yfirstaðinni meintri nauðgun. Hún var samkvæmt framburði vitna sýnilega miður sín og pils hennar rífið. Kærandi hefur staðfastlega haldið sig við upprunalega framburð sinn sem teljast verður trúverðugur. Þegar það er virt að hún var ein með ákærða á alókunnugum stað verður að telja ósannað að hún hafi haft tækifæri, vegna uppburðarleysis og hræðslu, til að gera öðrum í íbúðinni viðvart enda var hún að sögn svo hrædd við ofsa ákærða

og skap að hún hafi aðeins hugsað um að halda lifi. Á það sérstaklega við um meinta síðari nauðgunina sem var mun harkalegri. Kærandi hefur unnið eið að framburði sínum.

Ákærði hefur að mestu haldið sig við framburð sinn. Þó verður frásögn hans brotakennd þegar kemur að hinni síðari meintu nauðgun. Þá er framburður hans ekki sannfærandi þegar hann reynir að skýra á eðlilegan hátt hræðsluviðbrögð stúlkunnar.

Að þessu virtu ber að sakfella ákærða fyrir atferli það sem honum er gefið að sök í ákæruskjali, og telst ákærði þannig hafa gerst brotlegur við l. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Við mat á refsingu verður það að teljast gáleysi af ákærða að viðhafa engar varúðarráðstafanir vegna smithættu sem fyrir hendi var þrátt fyrir þekkingu sína á eiginleikum umrædds kynsjúkdóms.

II.

Sunnudaginn 21.12. 1986 kl. 10:09 var hringt til lögreglunnar í Keflavík frá ... þar í bæ og tilkynnt um nauðgun. Þegar lögreglumenn komu á staðinn skömmu síðar sat kærandi Y í eldhúsi í íbúð sinni nokkuð ölvuð og sýnilega illa á sig komin andlega. Kvaðst hún hafa orðið fyrir nauðgun af völdum ákærða og hafi nauðgunin átt sér stað í risibúð hússins þá skömmu áður. Hún var flutt á sjúkrahúsið í Keflavík til frekari rannsóknar og síðan til skýrslutöku. Aðrir lögreglumenn fóru þegar að ... og handtöku ákærða. Samkvæmt lögregluskýrslu var hann mjög æstur og í annarlegu ástandi við handtöku og sýndi mótþróa.

Kærandinn Y fæddist 7.6. 1964. Samkvæmt frásögn hennar hafði hún verið á dansleik í Keflavík kvöldið áður ásamt sambýlismanni og starfsfélögum. Hafi sambýlismaður hennar farið heim á undan henni eða áður en dansleiknum lauk. Hún hafi hins vegar farið í heimahús með samstarfsfólki sínu eftir dansleikinn. Þegar hún kom heim undir morguninn eða kl. 08:00 eins og hún taldi í fyrstu hafi hún ekki verið með lykla að íbúð sinni, sem er á miðhæð íbúðarhússins að ... Hún hafi reynt að berja á dyr en án árangurs þar sem sambýlismaður hennar vaknaði ekki. Hins vegar kom ákærði sem býr einn í risibúð hússins og bauðst til að hringja í sambýlismanninn. Þetta hafi hann gert en án árangurs. Kvaðst hún hafa heyrt hringinguna innan úr íbúð sinni. Þegar sambýlismaðurinn vaknaði ekki bauð ákærði henni upp á kaffi, og þáði hún það. Hún fór síðan upp með ákærða og settist inn í einskonar stofu og sátu þau þar um stund. Y kvaðst hafa verið ölvuð er hún kom heim, en muna vel allt sem gerðist. Ákærði hafði boðið henni vín og hafi hún smakkað á því en haft orð á því að vinið væri vont og hún þá fengið kaffi. Ákærði hafi hins vegar drukkið vín og síðar er á leið heimsóknina nær óblandað vín. Þau hafi rabbað saman og

hafi ákærði sýnt henni fulla kurteisi framan af. Hafi hann sýnt á sér nýja hlið miðað við fyrri kynni hennar af honum. Fram hefur komið í málinu að sambúðin í húsinu að ... hafi verið stíð og hafi oft komið til lögreglu-afskipta vegna sambúðarörðugleika þessara íbúa. Y bar að hún hefði viljað flytja sig í næsta herbergi, þar sem sér hafi fallið illa sú stofa sem hún var í og hafi þau fært sig inn í svefnherbergi ákærða. Þegar þangað kom hafi hún sest á háan stól við hlið rúmsins.

Framburður ákærða staðfestir þessa frásögn í megindráttum. Hann segir þó að Y hafi stungið upp á því að þau flyttu sig inn í svefnherbergið og haft orð á því að svefnherbergi hennar og sambýlismanns hennar væri beint fyrir neðan stofuna og það væri svo hljóðbært á milli. Hún hafi talað stanslaust og aðallega um sambúðarörðugleika hennar og sambýlismanns hennar og hafi komið fram hjá henni, að sambýlismaður hennar hafi ekki sinnt henni kynferðislega í þrjá mánuði. Aðspurður um komutíma Y kveður ákærði klukkuna hafa verið um 04:00 þá er hún bankaði. Fyrir dómi taldi hann klukkuna hafa verið um 03:30 því hann hafði vaknað um 03:00 og verið rétt að sofna aftur þegar hann heyrði bankið.

Y sagði síðar í skýrslu hjá lögreglu eftir að hafa aflað sér upplýsinga um að hún hafi yfirgefið samkvæmið að ... kl. 05:00 - 05:30, að hún hafi komið að heimili sínu kl. um 06:00 um morguninn.

Y segir svo frá varðandi það sem síðar gerðist að ákærði hafi setið í lægri stól fyrir framan hana inni í svefnherberginu. Hann hafi fíktað við tölur á kjól hennar þar sem hún sat en hún bannaði honum það og hafi hann þá hætt því. Ákærði hafi síðan látið hana færa sig úr stólnum yfir í rúmið og stillt henni upp, eins og hann ætlaði að mála hana. Hún kveðst hafa fært sig aftur yfir í stólinn, því dýnan hafi verið köld. Þá hafi hann látið hana leggjast aftur á rúmið með bakið að veggnum. Þegar hún hafi reynt að komast í burtu hafi hann dregið hana betur upp á dýnuna og sagt að hún færi ekkert fyrr en hann væri búinn að leika sér að henni. Hún hafi verið orðin hrædd og beðið hann um að leyfa sér að fara, en hann neitað því. Því næst hafi hann hneppt frá blússunni og reynt að losa brjóstahaldarann en ekki tekist. Hún hafi ætlað að streitast á móti en ákærði tekið um báðar hendur hennar og sett þær upp fyrir höfuð. Þá hafi hann tekið pilsíð upp og fært hana úr nærbuxum og sokkabuxum. Hún kvaðst hafa hrópað nafn E, sambýlismanns síns, en ákærði sagt sér að það þýddi ekkert því herbergið væri hljóðeinangrað. Hann hafi síðan hóttað henni öllu illu, m.a. kyrkingu og að skera hana í búta. Þá hafi hann einnig lagt hendur að hálsi hennar. Einnig hafi hann flengt hana nokkur högg á rassinn. Hann hafi síðan farið í annað herbergi og hafi hún þá reynt að komast niður en hann séð það og hindrað það og látið hana leggjast á bakið í rúmið og sagt að hún þyrfti ekki að hafa áhyggjur vegna þess að hann notaði

alltaf smökk. Hún hafi hins vegar ekki séð lim hans og ekki veitt því athygli hvort hann hafði sett á sig smökk. Ákærði hafi síðan lagst ofan á hana og haft við hana fullkomnar samfarir, sem hafi staðið stutt yfir eða í u.þ.b. 1 mín. Af hljóðum hans hafi hún skynjað að hann fengi fullnægingu. Eftir samfarirnar hafi hann farið fram á klósett, en bannað henni að fara og sagst ætla að leika sér meira. Hún hafi þá verið svo miður sín, að hún hafi ekki þorað að gera neitt. Hann hafi síðan látið hana leggjast á magann og farið með fingurna inn í endaparm hennar sem hafi verið mjög sársaukafullt. Hafi hún kvartað um sársauka, en hann sagst að hann gæti þá fækkað einum fingri. Hafi henni fundist þetta standa yfir nokkra hríð. Hafi hann haft orð á því, að nú gæti hún fundið hvernig honum hafi líðið, þegar Y hafi sigað á hann lögreglunni og byggingafultrúa, eins og hann orðaði það. Þegar Y losnaði kveðst hún hafa þrifið kápuna og nærföt og hraðað sér niður og lamið og barið á hurðina og hafi E sambýlismaður sinn opnað skömmu síðar. Klukkan hafi þá verið um 10:00. Kvaðst hún hafa sagt E hvað gerst hafði uppi á risinu, og hafi hann hringt á lögregluna.

Framburður ákærða um þetta atriði er nokkuð á annan veg. Hann kveðst hafa sest á móti Y í svefnherberginu og hneppt þremur tölum frá á pilsinu og fíktað við læri hennar í u.þ.b. hálf klukkustund á meðan þau töluðu saman. Hún hafi spurt hann hvort hann vildi mála af sér mynd, en hann hafi svarað því til að hann vildi frekar gera það með henni. Hún hafi þá sagt að hún hafi aldrei gert það í vatnsrúmi. Ákærði kveðst hafa sagt henni að háttu, hann myndi „redda smökk“. Þetta hafi hún síðan gert og farið í rúmið. Þau hafi kelað smástund, en síðan hafi þau haft samfarir í u.þ.b. 3 - 5 mín. og hafi honum orðið sáðfall. Þá hafi hann farið fram og hent smökknunum í salernisskálina. Hann neitar því að hafa nauðgað henni og ekki hafi stúlkan sýnt nein hræðslumerki. Hann hafi ekki beitt hana ofbeldi eða hóttað henni. Hann segist ekki hafa snert við Y eftir að hann henti smökknunum og ekki bannað henni að yfirgefa íbúðina. Hún hafi byrjað að klæða sig, en hann hafi ekki fylgst vel með, en kvað hana þó hafa klætt sig í kjólinn. Þá sagðist hann hafa skipað henni að koma sér í burtu. Hafi hann heyrt hana lemja á úrnar niðri, einhvern opna og síðan mikinn hávaða í E og Y. Fyrir dómi kvaðst hann hafa heyrt rífrildi og öskur í þeim báðum. Síðan hafi löng stund líðið þar til hann hafi verið handtekinn, u.þ.b. 4 - 5 klst. Hafi hann sofnað í millitíðinni. Taldi hann aðspurður að Y hafi dvalið í 2 - 2½ klst. hjá sér.

Lögregluþjónninn Skúli Björnsson sem kom á vettvang sagði að Y hefði setið í eldhúsinu þegar hann bar að og hafi sýnilega verið nokkuð ölvuð og illa á sig komin andlega. Fyrir dómi sagði sami lögregluþjónn að hún hefði grátið mikið og verið í miklu uppnámi. Lögregluþjónninn Jens Hilmarsson sem einnig kom á vettvang bar fyrir dómi að sambýlismaður

hennar hefði tekið á móti þeim og verið rólegur og yfirvegaður en Y hafi verið í eins konar móðursýkiskasti og hafi átt erfitt með að tjá sig.

Aðspurðir sögðu lögregluþjónar þeir sem handtóku ákærða að þeim hafi heyrst tónlist berast frá rishæðinni og að ákærði hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis eða lyfja við handtökuna. Ekki hafi verið gott að sjá hvort hann hafi verið að vakna en hann hafi verið í gallabuxum og bol. Hann hafi streist á móti handtöku en ekki spurt um ástæðu hennar.

E, sambýlismaður Y, kvaðst ekki hafa rumskað fyrr en Y hafi lamið á dyrnar en það hafi verið um kl. 10:00. Þegar hann opnaði hafi Y komið inn skólaus, berfætt, í pilsu og blússu en með frakkann undir hendinni og haldið á nærbuxunum og sokkabuxunum. Hún hafi verið mjög æst, jafnvel verið með vott af taugalosti og öskrað. Hún hafi farið beint fram í eldhús þar sem hún hafi hímst þar til lögreglan kom. Hafi hún ásakað E um að þetta væri allt hoðum að kenna. Þó hafi ekki komið til rifrildis á milli þeirra. E kvaðst hafa reynt að hugga hana en án árangurs. Hafi hann spurt hana hvort hann ætti að hringja á lögregluna og hún svarað að hún vissi það ekki, hann réði því. Þegar hann hringdi hafi kl. verið um 10:00. Fyrir dómi sagði hann að komið hefði fyrir áður að þau hafi ekki orðið samferða heim að loknum skemmtunum, en hann hafi aldrei gert athugasemdir við það enda treysti hann henni fullkomlega. Hann sagði að af þeim 5 ára kynnum við Y sé hann þess fullviss að eitthvað hafi komið fyrir hana umrædda nótt. Hann sagði að eftir atburðinn hafi Y verið mjög þöguþangað til hún hafi allt í einu tekið þá ákvörðun að flytja í burtu, en það hafi gerst 15. febrúar sl.

Þá var leitt fyrir dóminn vitnið F, sem vottaði að Y hafi verið gestkomandi hjá henni að ... umrædda nótt, hún hafi yfirgefið samkvæmið kl. 05:20. Vitnið D, sem var Y samferða heim frá ..., hefur borið fyrir dómi þennan tíma.

Í framhaldi af yfirheyrslum fóru lögreglumenn á vettvang í leit að hugsanlegum ummerkjum um notkun smokks við samfarir. Í salernisskál í íbúð ákærða fannst smokkurinn og virtist óskemmdur. Þá fannst eyrnalokkur Y í rúmi ákærða og skór hennar við stólinn þar sem hún hafði setið.

Eins og áður greinir var Y færð til lækni skoðunar. Í niðurstöðu lækni-vottorðs segir að Y sé mjög miður sín og gráti lengst af á meðan skoðun fer fram. Ekki sé að sjá nein einkenni um ytri áverka, þá ekki heldur á rasskinnum eða í kringum fæðingarop eða endaparminn en aftur á móti kveinkar hún sér við snertingu nálægt endaparmsopi. Við skoðun á sýnum í smásjá fundust sæðisfrumur sem litil hreyfing var á. Hefur Y gefið þá skýringu á þessum sæðisfrumum að þær stafi frá samförum hennar og sambýlismanns hennar nóttina fyrir nauðgunina.

Við rannsókn á blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndist magn alkóhóls vera 1.74%.

Álit dómsins.

Engin merki voru um átök á vettvangi og ekki sjáanlegir áverkar á kæranda Y. Þá varð enginn var við atburðinn í húsinu. Hafa verður hins vegar í huga að aðilar höfðu gert árangurslausa tilraun til að vekja sambýlismann Y sem svaf á neðri hæð hússins. Má því leiða að því líkur að Y hafi ekki hætt á að sýna kröftuga mótspyrnu gegn ofsa og hótunum ákærða svo sem fram hefur komið í málinu. Kærandinn hefur staðfastlega haldið sig við framburð sinn sem teljast verður trúverðugur. Hún hefur unnið heit að framburði sínum.

Ákærði hefur staðfastlega borið að samfarir þeirra hafi verið með vilja stúlkunnar. Í framburði ákærða gætir þó víða ósamræmis. Hann hefur fullyrt að Y hafi komið til sín á tímabilinu 03:30 - 04:00 og dvalið hjá sér í 2 - 2½ klst. Síðan hafi liðið 4 - 5 klst. frá því að hann heyrði sambýlismann Y hleypa henni inn í íbúðina og þar til lögreglan kom og hann hafi sofnað á þessu tímabili. Framburður þessi fær ekki staðist gegn framburði Y sem studdur er framburði vitnanna E, F og D svo og lögreglumanna. Þá gætir annars ósamræmis í framburði ákærða í tilraunum hans til að gera framburð Y tortryggilegan.

Að öllu þessu virtu svo og með hliðsjón af lýsingu á ástandi stúlkunnar skv. læknisvottorði, skýrslu lögreglumanna og framburði vitnisins E verður að telja, að ákærði hafi gerst brotlegur svo sem í ákæruskjali greinir og telst hann þar með hafa brotið gegn 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940.

Y hefur ekki lagt fram bótakröfu á hendur ákærða í máli þessu.

Niðurstaða.

Við rannsókn á báðum greindum nauðgunarkærum var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald og jafnframt gert að gangast undir geðrannsókn.

Í niðurstöðu geðrannsóknar dr. med. Helga Kristbjarnarsonar geðlæknis kemur fram að ákærði er með merki um verulega persónuleikatrufun og töluverðar ofsóknarhugmyndir sem valdið hafa síendurteknum árekstrum hans við umhverfi sitt og samferðafólk eins og segir í rannsókninni. Síðan segir í áleti geðlæknisins: „Hann hefur til að bera ofbeldishneigð sem er þó einkum áberandi við drykkju og framkoma hans við annað fólk er á stundum lítilsvirðandi og áreitandi og má e.t.v. finna orsakir þessa persónuleikabáttar í barnæsku og uppeldi Valgeirs.

Niðurstaða mín er sú að um sé að ræða paranoid persónuleikatrufun, andsamfélagslega persónuleikatrufun, áfengisnotkun, kannabismisnotkun, auk þess breytilegt neurotískt þunglyndi. Ákærði er yfir meðalgreind og

ekki haldinn neinum öðrum alvarlegum geðsjúkdómum og telst því sakhæfur. Vegna ofsóknarhugmynda sinna og tilhneiginga til fráhrarfs er líklegt að refsing, sérstaklega innlokun, myndi vera mjög neikvæð fyrir geðheilsu hans og væntanlega koma að litlum fyrirbyggjandi notum. Ætla má að áfengismedferð gæti komið honum að verulegu gagni svo og regluleg viðtöl við geðlækni eða sálfræðing.“

Skv. sakavottorði útgefnu 22.6. 1987 hefur ákærði sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

[Sakavottorð tilgreinir sjö mál: afgreidd með dómsátt, þar af fjögur út af brotum gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf.]

Refsingu ákærða ber að ákvarða með vísan til 77. gr. alm. hgl. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 13.4. til 18.4. 1986 og frá 22.12. til 31.12. 1986, samtals 14 dagar, skal koma til frádráttar refsivist, sbr. 77. gr. alm. hgl.

Sett hefur verið fram bótakrafa fyrir hönd X um að ákærða væri gert að greiða henni kr. 200.000,00 í skaða- og miskabætur auk 9% ársvaxta frá 12.4. 1986 til 2.5. 1986 en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Krafa þessi verður að teljast eðlileg eins og mál þetta er vaxið og ber að taka hana til greina að því breyttu að krafan skal bera 9% ársvexti frá 12.4. 1986 til 2.5. 1986, 15.5% ársvexti frá þeim degi til 11.10. s.á., 15.75% ársvexti frá þeim degi til 1.11. s.á., 16% ársvexti frá þeim degi til 11.11. s.á., 16.25% ársvexti frá þ.d. til 11.12. s.á., 17.75% ársvexti frá þ.d. til 1.1. 1987, 18.25% ársvexti frá þeim degi 27.3. s.á., en hæstu löglegu útlánsvexti frá þ.d. til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 40.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000,00.

Valtýr Sigurðsson kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Kærði, Valgeir Vésteinn Jósafatsson sæti fangelsi í 2 ár. Gæsluvarðhald ákærða í 14 daga kemur refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði X kr. 200.000,00 auk 9% ársvaxta frá 12.4. 1986 til 2.5. 1986 en 15.5% ársvaxta frá þ.d. til 11.10. s.á., 15.75% ársvaxta frá þ.d. til 1.11. s.á., 16% ársvaxta frá þ.d. til 11.11. s.á., 16.25% ársvaxta frá þ.d. til 11.12. s.á., 17.75% ársvaxta frá þ.d. til 1.1. 1987, 18.25% ársvaxta frá þ.d. til 27.3 s.á., en með hæstu lögleyfðu útlánsvöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 40.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. október 1988.

Nr. 116/1987. **Gylfi Snædahl Guðmundsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Birni Guðmundssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Húsaleiga. Skaðabætur. Matsgerð.

Kröfugerð. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1987. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda í héraði, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu kröfu. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að dráttarvextir verði frá 14. apríl 1987 ákveðnir samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi sátu sérfróðir meðdómendur. Dómurinn fór á vettvang. Hefur hann tekið sjálfstæða afstöðu til matsgerðar Indriða